

2024

SKAPAÐU MORGUNDAGINN

HUGMYNDAVINNA MEÐ BÖRNUM
Á ÁSBRÚ UM FRAMTÍÐ BÆJARINS



REYKJANESBÆR

KADECO
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

ÞYKJÓ

HVERNIG VILJUM VIÐ BÚA?

Það er engin ein rétt leið til að búa sér til skjól og hóbýli. Fuglar gera hreiður fyrir ungana sína og mynda saman byggðir utan í klettum og uppi í trjám. Skjaldbökur og sniglar geta dregið sig inn í skel og ferðast um með húsin sín á bakinu. Mannfólk byggir sér hús og húsin þeirra mynda húsaþyrpingar með götum og torgum til að tengja á milli.

En hver ákveður hvernig húsin líta út og hvernig þeim er raðað? Hver ákveður hvort göturnar séu beinar eins og reglustikur eða hlykkist um eins og slöngur? Eru göturnar skipulagðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur eða fyrir bíla? Hvernig eru svæðin kringum húsin og leynist eitthvað skemmtilegt á götuhornum? Hvar og hvernig eru leiksvæðin?



Ráðgjafafyrirtækið Alta hefur unnið nýtt rammaskipulag fyrir Ásbrú fyrir hönd Reykjanesbæjar og Þróunarfélagsins Kadeco. Framtíðarsýn hverfisins var kynnt fyrir íbúum vorið 2024, með sérstakri áherslu á að ná til barna á svæðinu.

Kadeco fékk hönnunarteymið ÞYKJÓ til liðs við sig til þess að miðla rammaskipulaginu til barna í Háaleitisskóla og leiða hugmyndavinnu með þeim. Verkefnið fór fram á þemadögum skólans í mars 2024, fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk.¹ Áhersla var lögð á leiksvæði og útisvæði framtíðar hverfisins.

Markmiðið var tvíþætt:

1. Kynna núverandi hugmyndir í rammaskipulagi fyrir börnunum.
2. Hefja samtal og samstarf við börnin. Gefa þeim tækifæri að miðla sínum hugmyndum sem munu svo nýtast í áframhaldandi vinnu við deiliskipulag.

Dagskráin var unnin í samstarfi við starfshóp kennara í skólanum og áhersla lögð á að allir nemendur skólans upplifðu sig þátttakendur í starfinu.





BÖRN SEM LEIÐARLJÓS

Sögulega séð hafa allar borgir verið hannaðar af fullorðnum karlmönnum. Börn eru um 27% af íbúum jarðar - um þriðjungur mannkyns. Þau hafa hvorki kosningarétt né bílpróf. Þeirra eina markmið er að leika sér og þar með læra á umheiminn. Farartækin þeirra eru fætur, reiðhjól og almenningssamgöngur. Börn upplifa heiminn á gönguhraða, skoða gróður og dýr, velta fyrir sér formum, litum og áferðum. Þau kunna sannarlega að meta nærumhverfið, oftast mun betur en fullorðnir.

Þess vegna ættu fullorðnir að sjá börn sem leiðarljós - þau vita hvað er í raun mikilvægt fyrir umhverfi okkar. Framsæknar borgir, t.d. London, Barcelona, Kaupmannahöfn og Bratislava² eru farnar að gefa þessu gaum. Niðurstöður úr samstarfi við börn í borgarskipulagi hefur gefið af sér vistvæn og glaðleg umhverfi fyrir allar kynslóðir.



Reykjanesbær og Kadeco ákváðu að stíga þetta skref; að bjóða börnum í Háaleitisskóla að gerast virkir þátttakendur í þróun nærumhverfis síns. Háaleitisskóli³ er einmitt Réttindaskóli UNICEF og starfar eftir Barnasáttmálanum.⁴ En hvernig býður maður börnum að borðinu?

ÞYKJÓ er þverfaglegt hönnunarteymi sem sérhæfir sig í barnamenningarhönnun - að hanna fyrir börn, með börnum. Kadeco hafði því samband við ÞYKJÓ sem byggði brú milli barna og borgarskipuleggenda. ÞYKJÓ hefur mikla reynslu af því að leiða skapandi smiðjur sem gera börnum kleift að tjá hugmyndir sínar með fjölbreyttum hætti - með tilliti til ólíkra styrkleika hvers og eins.

Með þessu er börnunum sýnt að þau geta haft áhrif, að á þau sé hlustað. Þannig er lagður grunnur að þátttöku þeirra í lýðræðislegum verkefnum í framtíðinni.



ÞEMADAGAR

**„Þetta eru skemmtilegustu
þemadagar í heimi!“** nemandi í 4. bekk

**„Þurfum við nokkuð að hætta? Ég vil ekki
hætta!“** nemandi í 2. bekk

Samstarf Kadeco og ÞYKJÓ við Háaleitissskóla fór fram á þemadögum skólans. Þemadagarnir voru tveir og þétt dagskrá var mótuð svo allir 400 nemendur skólans gætu tekið þátt. ÞYKJÓ stóð fyrir fjölbreyttum smiðjum tengdar rammaskipulaginu í bland við uppbot á hefðbundnu skólastarfi á vegum kennaranna.

Fyrri daginn voru þrjár kynningar á rammaskipulaginu á sal, ein fyrir hvert stig skólans. Kynningin var til þess að tryggja að nemendur fengju sama inngang að vinnunni sem fylgdi í kjölfarið. Þar voru grunnhugtök kynnt á borð við rammaskipulag og deiliskipulag. Á kynningunni var stiklað á stóru varðandi svokölluð „leiðarljós“ í rammaskipulaginu. Áhersla var lögð á að kynna sérstaklega þá þætti sem börn gátu haft áhrif á þemadögum; hugmyndir fyrir leiksvæði og útisvæði og viðhorf til ásýndar hverfisins.



SKAPANDI SMÍÐJUR

Módelismiðjur gáfu nemendum tækifæri til að að útfæra hugmyndir með litlu líkani. Áhersla var lögð á samkomutorg, útisvæði og húsabyrpingar. Efniviðurinn var opinn, að mestu náttúrulegur, með ólíkum áferðum.

Gegnumgangandi mátti greina að börnin vildu sjá meiri náttúru og fegurð; litadýrð, gróður, lífræna göngustíga og útilistaverk. Mörg hver voru í praktískum hugleiðingum; vilja fá fleiri ruslatunnur, bekki, yfirbyggð og upphituð strætóskýli, fleiri ljósastaura og göngustíga fjarri bílaumferð.

Á mólum unglínganna sést að þau vilja vera partur af samfélagsmyndinni, að gert sé ráð fyrir þeim og þeirra þörfum. Þau vilja sem dæmi nýta sér almenn leiksvæði, en vilja að rólurnar passi þeirra stærð, séu kannski nokkrar saman og að aparólan beri þau. Þeim finnst vanta að boltavellir séu í góðu standi, upplýstir á kvöldin og jafnvel yfirbyggðir.



SKAPANDI SMÍÐJUR

Leikvallasmiðja fór fram í íþróttasal skólans. Þar gátu börnin smíðað hugmyndir að leiktækjum, einsömul eða í samvinnu. Efniviðurinn voru pappakassar, bylgjupappi, textíll, límbönd, pappahólkar, húllahringir, reipi, net og kaðlar. Einnig var boðið upp á að vinna í smærri skala með LEGO kubba, leir og Playmo fígúrir.

Á leikvallasmiðjunni flæddu hugmyndirnar svo hratt að gengið var á milli barnanna með bók í hönd og hugmyndirnar skrifaðar niður áður en módelin umbreyttust og þróuðust í frjálsum leik og flæði. Margar hugmyndir miðuðu að leiksvæðum þar sem börnin gætu leikið í hópleikjum, svo sem svæði fyrir feluleiki, margvíslegar þrautabrautir og leikvellir fyrir mömmó og ímyndunarleiki. Algeng þemu voru flugvélar, geimskip og vélmenni.

Einnig sást mikil litagleði þrátt fyrir að límböndin væru nánast eini litgjafinn, en þau voru oft notuð til að „mála“ og sýndi þörf þeirra fyrir að fegra umhverfið sitt.



SKAPANDI SMÍÐJUR

Skuggaleikhússmiðja gaf nemendum færi á að kanna ásýnd húsa í gegnum leik; hvernig geta hús verið að stærð, gerð og lögun? Hvernig hleypa gluggar inn ljósi? Hvert er samband manneskju við byggingu. Hvernig raðast hús saman hlið við hlið og hvaða samfélög og sögur myndast þar?

Efniviður þessarar smíðju var svart karton, pinnar og litaðar glærur, en á staðnum var myndvarpi þar sem börnin gátu stækkað húsin sín upp yfir heilann vegg.

Til að byrja með gerðu börnin mest af dæmigerðum geometrískum húsum (kassi með þríhyrningapak, hurð og gluggi) en eftir því sem á leið urðu húsin villtari og óvenjulegri, formin lífrænni og gluggarnir fleiri. Þessi smíðja ýtti undir að börnin brytu sig frá hinu „dæmigerða“ eða íkoníska og sprengdu út ramma þess sem „hús“ getur þýtt.



SKAPANDI SMÍÐJUR

Í klippimyndasmiðjunni var unnið með olíu pastelliti, karton, pappír, lím og ýmsar bækur og blöð til að klippa úr. Börnin gátu miðlað hugmyndum hugmyndum sínum um umhverfi með teikningum, klippimyndum eða blöndu af hvoru tveggja.

Þegar horft er yfir klippimyndirnar sem börnin gerðu er áberandi hversu mikið af gróður- og dýramyndum þau völdu. Margar myndanna sýna hvernig hversdagurinn gæti verið brotinn upp, til dæmis með ísbúð með yfirbyggðu torgi fyrir framan, fjölbreyttar verslanir og þjónusta.

Einnig voru stórvirkar hugmyndir um hvernig Ásbrú gæti orðið spennandi áningarstaður, með séreinkenni sem fólk myndi sérstaklega koma að til að upplifa, eins og Parísarhjól, go-cart braut, útsýnisturn og rússíbanar. Mörg börn töluðu um hvernig slíkt framtak gæti auðgað ferðamannaiðnað svæðisins, jafnvel tengja það yfirstandandi eldgosum sem hægt væri að skoða úr ólíkum sjónarhornum.



SKAPANDI SMÍÐJUR

Vegglistaverk voru í ferli á unglingagangi áður en þemadagar hófust og héldu áfram í þróun undir stjórn Silviu V. Björgvinsdóttur, myndlistarkennara. Það höfðu verið unnin skemmdarverk á veggjum sem ákveðið var að laga, innblásið af götulist.

Aðferðin var meðal annars innblásin af „kintsugi“ aðferð, listhandverki frá Japan, þar sem sprungur á keramik gripum eru fylltar með gyllingarefni. Þá breytist það sem áður var brotið í dýrmæta og fallega hluti. Nemendur í Sjónlist og leirlist vali fylltu þannig af listfengi upp í sprungur á veggjum skólans og breyttu í listaverk.

Á þemadögunum, unnu nemendur eldra stigs með innblásturinn Móður Jörð /Náttúru. Þau unnu stór listaverk á vegg, og héldu áfram að klára fyrrnefnda götulist á veggjum skólans. Með þessu framtaki var hugmyndin um að fegra og betrumbæta nærumhverfið með nýju rammaskipulagi færð nær nemendum í skólanum sjálfum.





NIÐURSTÖÐUR HUGARFLUGS

Þvert á allar smiðjunar má greina nokkra rauða þræði:

- Ósk eftir gróðri og fjölbreyttu lífríki.
- Almenn fegurð eins og útilistaverk, landslagsarkitektúr og veggjalist.
- Litagleði. Allt um kring.
- Samverustaði þvert á kynslóðir.
- Leikur í borgarlandslaginu.
- Miðlægt hjarta sem slær í bænum, bygging sem kemur í stað samkomuhússins sem var.

- Fleiri og betri göngu- og hjólastígar. Áhugavert var að sjá í öllum smiðjum að börnin völdu iðulega að gera stíga sem hlykkjast frekar en beina. Skemmtilega leiðin frekar en sú skilvirka.
- Vindheld strætóskýli, jafnvel upphituð sem gætu jafnvel orðið að samkomustað.
- Þau vilja búa á stað sem er eftirsóttur, með sérkenni, stað sem aðrir heimsækja og dást að.
- Þau vilja ekki bara vera gestir í öðrum hverfum sem sækja þjónustu og skemmtun annað.
- Unglingarnar vilja hanga á stöðum sem eru partur af borgarmyndinni, að gert sé ráð fyrir þeim.



LEIKSVÆÐI

Úr rammaskipulagi:

Ásbrú verður bæjarhluti barnanna með áhugaverð, fjölbreytt og vel hönnuð leiksvæði fyrir börn á öllum aldri. Í dag eru mörg leiksvæði á Ásbrú en þau eru einsleit og sumum illa við haldið. Lögð er áhersla á að hanna fjölbreytt og vönduð leiksvæði á völdum stöðum þar sem helst nýtur sólar og skjóls.

Börnin í Háaleitisskóla komu með fjölmargar frábærar hugmyndir inn í þetta samtal. Á meðal þess sem börn á yngsta stigi vilja sjá eru leikvællir með flugvéla- og geimskipapema og feluleikjaróló.

Börn á miðstigi óskuðu eftir „skólahreystisvelli“ sem kallaðist á við óskir yngri barna um þrautabraut í anda „floor is lava“ („bannað að snerta gólf“). Unglingar stungu upp á stórra aparólu, körfurólum fyrir marga í einu, eða mörgum rólum í hnapp - en allar þessar hugmyndir myndu einnig nýtast fyrir yngri börn.

Flest börnin voru spennt fyrir því að renna á sleða (mikil ánægja með sleðabrekku hverfisins) og byggja snjóhús. Vert væri að athuga leikvöll sem virkjast að vetri með snjó.




- Græn almenningssvæði og áningarstaðir
- Skólalóðir
- Önnur leiksvæði
- Sundlaug
- Íþróttamannvirki
- Helstu vindáttir
- Sólargangur
- Skógrækt til skjólmyndunar
- Gönguleiðir

Kort sem sýnir stefnu um almenningssvæði, gönguleiðir og tengingar við helstu leiksvæði. Einnig má sjá vindáttir og sólargang.

LEIKSVÆÐI


HAMSTRA
RÖLÖ



KASTALA-
FEIULEIKIA
RÖLÖ



FLOOR IS LAVA



FLUGVÉLARÖLÖ





KASSABÍLA-
& HJÓLARÖLÖ



GEIMSKIPA
RÖLÖ



MÖMMÖHÚS





HÚSAGERÐIR



Úr rammaskipulagi:

Lögð er áhersla á að breyta Ásbrú úr úthverfi í aðlaðandi bæjarhluta með bæjarbrag og sérstöðu. Byggðin verði gerð fjölbreyttari með mismunandi húsagerðum, margbreytilegum þakgerðum og hlýlegri efnisnotkun.

Sérstök áhersla er á læsilegt gatnakerfi þar sem auðvelt er að rata og komast leiðar sinnar hvort sem er gangandi, hjólandi eða á bíl. Vistvænar samgöngur, þ.e. hjól, ganga og almenningssamgöngur eiga að njóta forgangs á Ásbrú.


Úr verkum smiðjanna má greina að börnin í Háaleitisskóla óska eftir að húsin á Ásbrú séu litríkari og ólík að formi og lögun. Þau fagna áformum um betri samgöngur og óska eftir að geta farið með reiðhjól og hlaupahjól í strætó. Þau komu með hugmyndir að strætóskýlum sem hægt væri að loka af í slæmum veðrum.

Í mörgum verkanna má sjá hlykkjótta stíga og lífræn form gönguvega, sem og þrá eftir list í almenningrýmum (stytur, bogahlið, götulist, veggjalist).




HÚSAGERÐIR

VIRÐULEGT HLÍÐ
fyrir
ÁSBRÚ / SKÓLANN



UNGLINGATJILLSTAÐUR




ÚTIKENNSLUSTOFA



LITRÍK HÚS &
FJÖLBREYTTAR HÚSAGERÐIR



TÖREBJAR INNBLÁSTUR





HJARTAÐ

Úr rammaskipulagi:


Hjartað er mannlífsmiðja Ásbrúar þar sem fólk kemur saman og sækir þjónustu og starfsemi. Þar eru einnig byggingar með sögu- og menningarlegt gildi eins og Andrew's leikhúsið, kirkjan, Gamli spítalinn og einu braggarnir sem eftir eru á Ásbrú.

Í Hjartanu verður lögð áhersla á aðlaðandi og gönguvæna götumynd með innganga frá götu. Þar er tækifæri til að koma fyrir hæfilega stóru bæjartorgi þar sem gestir og gangandi geta staldrað við.


Unglingar í Háaleitisskóla sjá fyrir sér bekkir fyrir unga sem aldna þar sem hægt er að spjalla saman í hóp, eða bekkir sem hægt er að hreyfa sig í eða róla. Þau vilja líka bekkir sem eru í skjóli fyrir veðrum og vindum.

Þau óska eftir fjölbreyttara úrvali af verslunum, veitingastöðum, þjónustu og afþreyingu í Ásbrú. Sérstaklega er talað um verslanir sem endurspeglar fjölmenningu hverfisins, eins og pólsk „Bónus“, rússnesk búð ofl.

Þvert á smiðjurnar mátti sjá og heyra að börnin óska eftir meiri samhringingi samfélagsins. Þau stinga upp á samkomuhúsi með sviði utandyra fyrir viðburði.



HJARTAÐ





GRÆNIR GEIRAR


Úr rammaskipulagi:

Grænir geirar mynda samhangandi hringleiðir göngu- og hjólaleiða um Ásbrú sem leiða yfir í tengistíga við aðra bæjarhluta Reykjanesbæjar. Tré, annar gróður og landmótun verði nýtt til að efla skjólmyndun og fegra nærumhverfið.

Lagt er til að móta hóla og hæðir á grænum landslagsbeltum til að auðvelda skógrækt. Hugmyndin er innblásin af hinum hefðbundna íslenska torfkofa og geta hólarnir orðið náttúrulegur hluti af landslaginu.

Börnin í Háaleitissskóla óska eftir hrjúfu landslagi eins og stórum steinum, hólum, trjádrumbum eða vöfundarhúsi; eitthverju til að vekja forvitni og kveikja leiki eins og feluleiki. Þau kalla einnig eftir meiri og fjölbreyttari náttúru - gróðri, trjám og blómum.

Börnin vilja sjá tjörn, skýrt afmarkaða og ekki mýri, jafnvel með brú og bryggju. Stungið var upp á að tjörnin gæti verið skautasvell á veturnar. Þau vilja fleiri bekki og ruslafötur, jafnvel fötur sem líta út eins og vélmenni sem þakka þér fyrir að tína rusl. Almennt finnst þeim að hverfið mætti að vera snyrtilegra.



Skýringarmynd til að gefa hugmynd um gróft útlit, ekki bindandi.

GRÆNIR GEIRAR






ÍPRÓTTASVÆÐI

Úr rammaskipulagi:


Miðstöð íþrótta- og tómstunda og sundlaug eru fyrirhuguð á um 8 hektara svæði sem býður upp á mikla möguleika á uppbyggingu á fjölbreyttri íþróttastöðu í nálægð við miðsvæði og íbúðarbyggð. Hluti af svæðinu verði almenningsgarður með tengingu við grænt svæði suður af byggðinni, sem færir náttúruna nær Hjarta Ásbrúar. Þar eru möguleikar fyrir ýmis konar tómstundir.

Allmörg módel og teikningar voru gerðar af fótbolta- og körfuboltavöllum, og þörfin fyrir slíka velli er greinilega mikil. Mörg segjast sakna þess þegar þau voru yngri og voru meira úti með vinum. Þetta er því afar mikilvægt fyrir lýðheilsu; að eldri börn finni hvata til að fara út, hitta vini og hreyfa sig.

Á meðal þeirra hugmynda sem börnin komu með fyrir útiveru og hreyfingu voru parkour völlum, hjólabrettasvæði, utandyra líkamsræktaraðstaða (e. jungle gym) og úti-fimleikavöllum. Einnig var bent á að hoppubelgir væru mjög vinsælir en bara á þurrum sumardögum, það mætti því byggja yfir þá svo hægt væri að hoppa allan ársins hring.



ÍPRÓTTASVÆÐI






ALMENNINGSGARÐUR

Úr rammaskipulagi:

Almenningsgarður er við fyrirhugaðan nýjan skóla, sem nýtist sem framlenging á skólalóðinni. Mikilvægt er að afmarka svæðið og skapa skjól með uppbyggingu og umhverfismótun. Tryggja þarf að svæðið nýtist áfram sem sleðabrekka. Svæðið er áberandi við aðkomu inn í Ásbrú um Grænásbraut og því skapast tækifæri fyrir einstakt leiksvæði sem getur verið aðdráttarafl fyrir íbúa utan Ásbrúar.


Áhugamál barnanna í Háaleitisskóla eru sannarlega fjölbreytt. Það fæddust hugmyndir um skákgarð sem gerði þeirri íþrótt hátt undir höfði og stóru almennings gróðurhúsi. Einnig voru margir með hugmyndir um yfirbyggð grill- og nestissvæði og útiklósett. Þá vildu margir sjá hundagerði, þar sem hundar gætu leikið sér frjálst og þar væri hægt að hafa þrautabrautir fyrir hunda.

Ein óvænt ósk sem kom fram var ævintýrlegt útisvæði sem gæti nýst fyrir „larping“ (hlutverkaleik í búningum). Þetta er gott dæmi um hvernig landslagshönnun getur nýst á óvæntan hátt og mikilvægi þess að fá álit ungs fólks.



Skýringarmynd til að gefa hugmynd um gróft útlit, ekki bindandi.

ALMENNINGSGARÐUR





SPURNINGALISTAR

Spurningalistar voru lagðir fyrir öll börnin á þemadögum, aðlöguð að hverju skólastigi. Börnin á yngsta stigi voru spurð í myndrænu formi um hvers konar leiki og leiksvæði þeim þætti spennandi, en þau svöruðu með því að merkja við broskalla og fýlukalla af ólíkum gerðum. Spurningalistinn var hafður nær eingöngu myndrænn til að koma til móts við þau börn sem eru að læra að lesa, auk þess hve margir á yngsta stigi eru að læra íslensku sem annað mál.

Í ljós kom að börnunum fannst hvað skemmtilegast að róla og renna (bæði í rennibraut og á sleða), en litlir hellar eða hús, vöfundarhús og fleiri staðir sem hægt er að fela sig í og gleyma sér voru líka vinsæl. Þá fannst krökkunum afskaplega spennandi að byggja snjóhús.

Uppáhaldsstaður flestra í opinni spurningu var hoppubelgurinn, en margir nefndu líka gamla hólinn.





SPURNINGALISTAR

„Það er enginn staður til þess að fara.“

nemandi á elsta stigi

Miðstigi og elsta stig fengu spurningar sem sneru að því hvað þau gera úti, hvernig þau ferðast, öryggi þeirra í hverfinu, hvað þau eru ánægð með og hvað þeim finnst ábótavant.

Þegar börn á miðstigi hitta vini sína eru 23% þeirra alltaf eða oftast innandyra. Þegar þau leika saman utandyra segjast þau fara út á boltavelli, á hoppubelginn, út á róluvöll eða skólalóð, ráfa um hverfið eða hanga í strætó.

Á elsta stigi eru 53% oftast eða alltaf inni þegar þau hitta vini. Þegar þau hittast úti er það til að fara í strætó til Keflavíkur eða Reykjavíkur, rölta um búðir þar, annars fara þau í ræktina, á boltavelli, en mörg nefna líka að þau hafi ekkert við að vera. Boltavellirnir virðast mikið nýttir af börnunum en eru ekki nógu margir, vel staðsettir eða upplýstir.





SPURNINGALISTAR

Mjög mörg börn nota samgöngur til og frá skóla en líka eftir skóla. Þar liggur tækifæri til að bæta hag margra barna með því að gera strætóskýlin að notalegum stöðum. Það vekur athygli hvernig nokkur börn á mið og elsta stigi svöruðu spurningu um öryggi þeirra þegar þau labba eða hjóla í hverfinu, sérstaklega stúlkur.

Í stað þess að svara um umferðaröryggi svöruðu þau að það yrði óþægilegt fólk á vegi þeirra og að þau væru hrædd við það („Nei, útaf því stundum fullorðnir menn eru að tala við krakkar og þau eru mjög skrítíð“, „mér líður bara ekki vel þegar ég labbar ein“, „Nei alls ekki. Það er mikið af perrum á Ásbrú og sérstaklega í strætó“).

Þetta er punktur sem vert er að skoða nánar, en öryggi barna í hverfi sínu ætti að vera forgangsmál.




SPURNINGALISTAR

Flest barnanna eru aðflutt, fæst hafa búið alla ævi á Ásbrú. Mörg þeirra hafa áður búið erlendis og hafa óskir um að fjölmennning bæjarins verði sýnileg - enda felst í henni tækifæri og sérstaða. Mörg töluðu um að vilja búðir og veitingastaði frá hinum ýmsu löndum. Við uppbyggingu bæjarins væri hægt að líta til þessa þáttar; eins og að götunöfn leiki sér að tungumálum eða gefa skírskotun til annara landa, það væri hægt að hafa fjölmenningarlega veggjalist, listaverk eða götulist.

Meirihluti barnanna sjá ekki fyrir sér framtíðina á Ásbrú og hafa ekki rætur til staðarins. Svo virðist sem stolt barnanna yfir staðnum sé laskað, en þegar þau voru beðin um að lýsa Ásbrú í þremur orðum var fátt um jákvæð orð á miðstigi og sárafá á elsta stigi.

„ef þessi staður verður ekki flottari flyt ég burt“

„Leiðinlegt - tóm - vindasamt“



HVAÐ SVO?


„Barnæska þessara barna er núna - það má ekki bíða í 50 ár“ kennari í Háaleitisskóla.

Reykjanesbær hefur unnið frumkvöðlastarf í að miðla nýju rammaskipulagi til barna. Nú er samtalið við börnin hafið og hugmyndir þeirra komnar á blað. En hvað svo?

Frá upphafi þessa verkefnis mátti gæta nokkurrar tortryggni innan skólans, bæði hjá kennurum og nemendum. Margir eru orðnir langeygir eftir nýjum skóla og umbótum og töldu að þetta yrði „enn eitt verkefnið til að skrifa skýrslu um og setja ofan í skúffu“. Það ríkti óvissa um hvort þetta yrði merkingabær þátttaka sem kæmi til framkvæmda í náninni framtíð. Á unglingunum mátti greina ákveðið vonleysi, en orðræða íbúa nærliggjandi hverfa um þau hefur tilhneigingu til að vera niðrandi.

Í ljósi alls þessa er mikilvægt að íbúar bæjarins og sérstaklega börnin finni fljótlega til þess að á þau hafi verið hlustað og að orði fylgi verknaður. Hér er uppástunga af aðgerðarlista í þremur þrepum eftir umfangi:

1. Lægsti þröskuldur
 - a. málning (litríkara nærumhverfi)
 - b. plöntur (fjölbreyttari gróður til skjóls og prýði)
 - c. setsvæði (hringlaga bekkir / vaggandi / rólubekkir)
 - d. ruslatunnur sem eru málaðar eins og vélmenni/með einföldum hreyfiskynjara (jafnvel eitthvað sem börnin sjálf gætu útbúið/myndskreytt)
2. Miðlungs
 - a. aparóla (sem er nægilega stór líka fyrir unglinga)
 - b. hjóla- og göngustígar
 - c. götu- eða vegglistaverk eða önnur útilistaverk (fegurð og ásýnd bæjarins)
 - d. fleiri boltavellir
 - e. yfirbyggð strætóskyli
3. Áframhaldandi samstarf
 - a. Sérhannaður leikvöllur með sérstöðu, innblásinn af óskum barnanna
 - b. Skólalóð nýja skólans
 - c. Leikjavæða algengar göngu- og hjólaleiðir/torg
 - d. Samkomuhús
 - e. Sérkenni bæjarins, flaggskip Ásbrúar







EFTIRMÁLI - BARNVÆN HVERFI

Þegar talað er um útisvæði, sem er það sem þetta verkefni snerist um, er vert að hafa í huga að leiksvæði fyrir börn eru ekki eingöngu bundin við leikvelli, boltavelli og skólalóðir. Leikur barna er ekki bundinn við stök svæði heldur er allt almenningsrými einnig rými fyrir börn og leik þeirra.


Að sjá umhverfið með augum barnanna getur verið lærdómsríkt en þá verða hversdagslegir hlutir eins og steypthandrið að jafnvægisrá, hellusteinar breytast í París, mislitar hellur verða „floor-is-lava“ eða bannað að stíga á strik!

Bekkir og rólur eru samkomustaðir unglinga, rampar og skábrautir eru stórskemmtilegar fyrir jafnvægishjól og hjólabrettatrix, tré eru klifurgrindur, málaðar tröppur geta umbreytt í píanónótur. Séu þessi „leikjagleraugu“ sett upp í umhverfisskipulagi má vísitandi sá fræjum leikja víðsvegar um hverfið, oft alveg án aukins tilkostnaðar eða viðhalds.

Barnvænt umhverfi er það sem gefur bænum líf.

**If we design our cities to be safe,
accessible and child-friendly, they will
automatically be better for everyone.**

Enrique Peñalosa, fyrrum borgarstjóri Bogotá. Úr setningarræðu borgarstjórans 2016.



...Svo er svona mjúkt
gölf hjá trampólíninu
því það er svo gott að
vera á tönum á röð!

Rigningin safnast
saman á kastalapakinu
og verður að fossi!

Ég er að gera
floor-is-lava.
Ég er sko frá
Grindavík

APARÓLA SÉM
FER SJÁLF
TIL BAKA

Þetta er sko svona
lokuð rennibraut svo
maður verði ekki
blautur á rassinum

ÞETTA ER YFIRBYGGÐUR HOPPUBELGUR
ÞAÐ ÞYRFI SAMT TVO SVONA ÞVÍ
ANNARS VERÐUR ALLTAF FULLT.

ÉG HELD ÉG SÉ
BÚIN MEB ALLAR
HUGMYNDIRNAR ÚR HEILANUM
MÍNU...


Um okkur

Þessi skýrsla er unnin af ÞYKJÓ fyrir Kadeco og Reykjanesbæ.

ÞYKJÓ er þverfaglegt teymi hönnuða sem vinna fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði upplifunarhönnunar, innsetninga og vöruhönnunar. Hönnunarstarf þeirra miðar að því að örva ímyndunarafl og sköpunarkraft barna í samstarfi við mennta- og menningarstofnanir.

Á meðal nýlegra verkefna er innsetningin Hljóðhimnar í Hörpu, húsgagnalínurnar Kyrrðarrými og Hreiður og þátttökuverkefnið Gullplatan: Sendum tónlist út í geim! ÞYKJÓ hefur verið tilnefnt til Hönnunarverðlauna Íslands í tvígang, árið 2021 og 2022 og hlaut nýverið tilnefningu til alþjóðlegu YAM verðlaunanna.

Krakkaráð ÞYKJÓ var stofnað sumarið 2021 sem regnhlíf yfir allt samtal og samstarf sem hönnuðirnir eiga við börn. Með stofnun Krakkaráðsins vill ÞYKJÓ heiðra 12. og 13. grein Barnasáttmálans sem hverfist um virðingu fyrir skoðunum barna og að fullorðnir eigi að hlusta og taka mark á þeim.



NEÐANMÁLSGREINAR

¹ 21.–22. mars árið 2024 voru þemadagar.

² Í maí 2024 var haldin ráðstefna í Bratislava í Slóvakíu, sem heitir Byrjum á börnunum (Start with children) sem snerist um hvernig hanna eigi borgir fyrir börn með börnum.

³ Háaleitisskóli er Réttindaskóli UNICEF og starfar eftir Barnasáttmálanum. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

⁴ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er lögfestur á Alþingi. Þar kveður meðal annars á um að fullorðnir eigi að hlusta á og virða skoðanir barna í málum er þau varðar (12. grein) og að það eigi að skapa vettvang fyrir börn til að tjá skoðanir sínar (13. grein).